

Grunnskólinn á Hólmavík
Veturinn 2010 - 2011

Bekkjarnámskrá 2. bekkur



Umsjónarkennari:
Vala Friðriksdóttir
valaf@simnet.is

Bekkjarnámskrá 2. bekkjar 2010 - 2011

2. Bekkur

Bakgrunnsupplýsingar

Í öðrum bekk eru bekk eru 15 nemendur, 11 drengir og 4 stúlkur. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. 2. bekkur er samkenndur með 1. bekk en í fyrsta bekk eru 3 nemendur, 1 drengur og 2 stúlkur. Umsjónarkennari 1. og 2. bekkjar er Vala Friðriksdóttir og aðstoðarkennari er Kristjana Eysteinsdóttir. Stuðningsfulltrúar sem koma að bekkjunum eru Marsibil Freymóðsdóttir (1. bekkur) og Sigríður Guðbjörg Jónsdóttir (2. bekkur). Ásta Þórisdóttir sér um listgreinakennslu og Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson sér um íþróttakennslu.

Almenn markmið

- ✓ að nemendum líði vel í skólanum og þeir öðlist þá tilfinningu að skólinn sé öruggur og notalegur samastaður í leik og starfi
- ✓ að efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda
- ✓ að efla félags, tilfinninga, hreyfi og málþroska, vitrænan þroska og skynjun
- ✓ að nemendur fái tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni á fjölbreyttan hátt

Nemendalisti

Díana Jórunn Pálsdóttir
Elín Victoría Grey
Friðrik Heiðar Vignisson
Guðmundur Ragnar Snorrason
Halldór Víkingur Guðbrandsson
Helgi Sigurður Júlíusson
Hilmar Tryggvi Kristjánsson
Hjálmar Orri Björnsson

Júlíana Steinunn Sverrisdóttir
Lárus Jóhannsson
Matthías Kristinsson Schram
Róbert Máni Newton
Signý Stefánsdóttir
Sigurður Kári Valgeirsdóttir
Svanur Eðvald Halldórsson

Kennaralisti og námsgreinar

Vala Friðriksdóttir
umsjón

Kristjana Eysteinsdóttir
Sigríður Guðbjörg Jónsdóttir
Ásta Þórisdóttir
Jóhanna Hreinsdóttir
Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson

íslenska, stærðfræði, náttúrufræði,
samfélagsfræði, kristinfræði/lífsleikni, upplýsingamennt,
tónmennt, heimilisfræði, tjáning.
aðstoðarkennari
stuðningsfulltrúi
myndmennt, textílmenn, hönnun og smíði
sérkennsla
íþróttir og sund

Umsjónarkennari

Umsjónarkennari hefur veigamiklu hlutverki að gegna m.t.t. sinna umsjónarnemenda. Hann skal öðrum kennurum fremur fylgjast með námsframvindu sinna nemenda, fylgjast með skólasókn þeirra, vera í traustu sambandi við foreldra, sjá um að nemendur fái þá þjónustu sem þeim ber. Umsjónarkennari 1. bekkjar skólaárið 2010-2011 er Vala Friðriksdóttir. Síma viðtalstími er á þriðjudögum kl. 9:50-10:30 í s. 451-3129. Einnig er foreldrum velkomið að hringja fyrir utan vinnutíma í heimasíma 451-3445 eða senda tölvupóst í netfangið valaf@simnet.is, ef þeim finnst tilefni til. Aðstoðarkennari 1. bekkjar er Kristjana Eysteinsdóttir. Síma viðtalstími er á fimmtudögum kl. 9:50-10:30 í s. 451-3129. Einnig er foreldrum velkomið að hringja fyrir utan vinnutíma í heimasíma 451-2243 eða senda tölvupóst í netfangið kre12@hi.is, ef þeim finnst tilefni til.

Sérkennsla og sérfræðipjónusta.

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir og Jóhanna Hreinsdóttir eru umsjónarmenn sérkennslunnar. Þær eru í sambandi við foreldra þeirra nemenda sem þær hafa umsjón með og umsjónarkennara. Sérfræðipjónusta er frá Borgarnesi og verða þeir Áspór Ragnarsson sálfræðingur og Elmar Þórðarson sérkennsla og talmeinafræðingur á Hólmavík þrisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót. Auk þess verður að sjálfsögðu hægt að nálgast þá ef þörf krefur. Ef foreldrar hafa áhuga á þessari þjónustu er þeim bent á að ræða við umsjónarmenn sérkennslu eða umsjónarkennara.

Námsmarkmið, leiðir, námsmat og námsefnisskrá

Íslenska

Markmið:

Stuðst verður við markmið með íslenskukennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007 þar sem íslenska er í eðli sínu margþætt námsgrein og miklu skiptir að öll íslenskukennsla taki mið af því. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra flokka: **1) talað mál og hlustun, 2) lestur og bókmenntir, 3) ritun og 4) málfræði.**

Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilega stígandi í náminu.

„Ekki er gert ráð fyrir að nemendur vinni að mörgum markmiðum í sérhverju viðfangsefni. Hins vegar þurfa þeir að átta sig á hvernig viðfangsefnin tengjast innbyrðis. Því þarf að ræða um tilgang íslenskunámsins og er það von okkar að með tímanum læri nemendur að setja sér sín eigin námsmarkmið. Gildi góðrar íslenskukunnáttu þarf að skýra og setja í samhengi við námið og málnotkun nemenda.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

„Góð samvinna skóla og heimila um máluppeldi og móðurmálskennslu er lykilatriði.

Foreldrar og aðrir forráðamenn gegna veigamiklu hlutverki í að rækta móðurmálið og efla áhuga nemenda á því.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

„Stuðningur foreldra við heimanám nemenda er mikilvægur fyrir nemendur á öllum stigum grunnskóla.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska, 2007)

Íslenska verður unnin að hluta til í hópastarfi þar sem 1. -4. bekk er blandað saman. Þetta er þróunarverkefni sem kennarar á yngri barna sviði vinna saman að.

Lestur, ljóð og bókmenntir

Markmið:

Stefnt er að nemendur

- ✓ vinni fjölbreytt verkefni sem örva þá til lestrar
- ✓ nái betra valdi á lestrartækninni
- ✓ kynnist rími og hrynjanda, bókstöfum, orðum og setningum
- ✓ auki orðaforða sinn, efli málskilning og lesskilning með fjölbreytilegum verkefnum við hæfi
- ✓ auki leshraða og lesskilning með því að vinna fjölbreytt verkefni
- ✓ auki orðaforða sinn og efli málskilning
- ✓ hafi greiðan aðgang að bókum og lesefni á bókasafni
- ✓ læri vísur og ljóð
- ✓ semji sögur og ljóð
- ✓ þekki hugtökin kvæði, ljóð, vísa og rím
- ✓ kynnist þekktum söngvum og ævintýrum
- ✓ kynnist helstu einkennum ljóða og gerðum ljóða
- ✓ þjálfist í að hlusta á upplestur ljóða með sterkri hrynjandi, bæði hefðbundinna og óhefðbundinna ljóða
- ✓ æfist í að semja sögur og ljóð og skrifi sjálfur
- ✓ kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum
- ✓ læri vísur og ljóð utanbókar
- ✓ þjálfist í að fá bók að láni á skólasafni
- ✓ kynnist hugtökum eins og persóna, söguhetja og rím
- ✓ kynnist gamansögum og átti sig á kímni

Leiðir:

Við skipulag lestrarnámsins þarf að taka mið af þroska og getu hvers nemanda og velja viðfangsefni við hæfi. Nemendum er því skipt í lestrarhópa eftir lestrargetu. Í upphafi vetrar eru rifjaðir upp bókstafir sem kenndir voru síðasta vetur. Hver nemandi fær lesefni við hæfi úr bókasafni kennarans sem eru léttlestrarbækur afhentar í þyngdarröð. Nemendur lesa heima daglega með aðstoð foreldra. Nemendur velja sér að auki bækur á skólabókasafni. Stefnt er að því að nemendur lesi í hljóði í 10 til 15 mínútur á dag. Að auki fara nemendur í tölvuver þar sem þeir æfa sig í hinum ýmsu lestrarforritum.

Námsefni

- Fjölbreytt úrval léttlestrarbóka
- *Við lesum B* + vinnubók
- *Bras og þras á Bunulæk* + vinnubók
- *Davíð og fiskarnir* + vinnubók
- *Lesum saman* + vinnubók
- *Leikur að orðum* 1, 2 og 3
- verkefni með smábókum af vef Námsgagnastofnunar
- lesskilningsverkefni af Skólavef
- *Sín ögnin af hverju*
- *Flugufótur* 1, 2, og 3
- Ýmis kennsluforrit svo sem Búi, Bína, A – Ö, Glói geimvera og Glói á lestrareyju,
- Orðakistur Krillu t.d. stafrófið o.fl., Ritfinnur, Bogi blýantur
- Þekktar barnabókmenntir
- Ljóða- og vísnaðækur
- Ótrúleg eru ævintýrin

Heimalestrarbækur:

- *Leynifélagið Skúmur*
- *Læstur inni*
- *Út að aka*
- *Á spani*
- *Á stönd*
- *Í gjótu*
- *Í lofti*
- *Hjá risaeðlum*
- *Margt skrítið hjá Gunnari*
- *TX-10 það er ég*
- *Valdi og Vaskur*
- *Davíð og fiskarnir*
- *Dúbbi dúfa*
- *Dúbbi verður stór*
- *Heima hjá Völu*
- *Helsingi lærir að heilsa*
- *Ljósinn lifna*
- *Ormurinn í Lagafljóti*
- *Rumur í Rauðhamri*
- *Skrýttinn dagur hjá Gunnari*
- *Tína fer í frí*
- *TX-10 í fótbolta*
- *Ttx-10 í skólanum*
- *Vala og vinir hennar o.fl. (skv. Leslista kennara)*

Námsmat:

- ✓ Símat: Reglulega fylgst með framvindu náms hvers og eins.
- ✓ Læsir nemendur eru athugaðir með hefðbundnum lestrarprófum.
- ✓ Lestarskimanir verða lagðar fyrir nemendur einu sinni á önn.

Talað mál og hlustun

Markmið:

Stefnt er að nemendur

- ✓ þjálfist í að bera fram öll íslensk málhjóð
- ✓ þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- ✓ tjái sig munnlega í leikjum
- ✓ fái tækifæri til að syngja algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng
- ✓ taki virkan þátt í umræðum
- ✓ geti tjáð skoðanir sínar
- ✓ temji sér skýran og eðlilegan framburð
- ✓ þjálfist í að hlusta á aðra og taka tillit til annarra
- ✓ geti hlustað á fyrirmæli/útskýringar og farið eftir þeim
- ✓ þjálfist að hlusta á upplestur ýmiss konar efnis og fylgi söguþræði
- ✓ horfi á leikþætti og söngatriði ýmist af sviði eða myndbandi
- ✓ beri virðingu fyrir móðurmáli sínu og annarra
- ✓ geti endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á

Leiðir:

Nemendur fá tækifæri til að tjá sig fyrir framan bekkjarfélag sína, segja frá eigin reynslu, endursegja og lesa upp eigin texta og annarra. Jafnframt eru þeir hvattir til að tala skýrt og áheyrilega og segja skipulega frá. Nemendum er gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu og læri að fara eftir þeim.

Nemendur hlusti á upplestur á sögum og ljóðum bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t. d. á hljóð- eða myndbandi. Lögð er áhersla á að nemendur hlusti með athygli og sýni flytjendum tillitssemi. Þjálfun í þessum þáttum fer fram í kennslustundum, á menningarstundum á sal skólans og á árshátíð.

Námsmat

Fylgst með framförum nemenda og þær ræddar við foreldra í foreldraviðtali.

Ritun

- ✓ hafi rétt grip á skriffæri og temji sér réttar líkamsstillingar
- ✓ læri að draga rétt til stafs
- ✓ þjálfist í að nota þá skriftargerð sem honum hefur verið kennd
- ✓ þjálfist í að stafsetja rétt með því að vinna margvísleg ritunarverkefni
- ✓ temji sér vandvirkni og góðan frágang
- ✓ geti skrifað nokkuð læsilega og hafi eðlilegt bil á milli orða
- ✓ átti sig á að málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti
- ✓ geti skrifað einfaldar setningar eftir réttum texta og upplestri
- ✓ semji texta við eigin myndir og annarra
- ✓ þjálfist í að semja sögur og ljóð og skrifa sjálfir eða með aðstoð
- ✓ átti sig á að frásögn hefur upphaf, meginmál og endi

Leiðir:

Kennd er ótengd grunnskrift með tengikrókum. Áfram er haldið að þjálfa frumatriði skriftar svo sem stafdrátt, rétt grip á skriffæri, réttar líkamsstillingar, snyrtileg vinnubrögð og góðan frágang. Þá er lögð áhersla á að nemendur kynnist grunnþáttum ritunar s.s. að frásögn hafi upphaf, meginmál og endi og að málsgrein byrji á stórum staf og endi á punkti. Jafnframt er nemendum kennt að sérnöfn byrja á stórum staf.

Nemendur skrifa reglulega heima. Einnig vinna þeir í sögubók með aðstoð foreldra.

Námsefni

- Ljósrituð skriftarhefti 1-4
- *Skrift 2*
- Sögubók
- *Ritrún 1*
- *Ás*
- *Tvistur*

Námsmat:

Kennari fylgist með vinnubrögðum og framförum nemenda. Skriftarpróf verður lagt fyrir nokkrum sinnum yfir veturinn auk þess sem verkefnabækur verða skoðaðar með tilliti til framfara. Foreldrar fá upplýsingar í foreldraviðtali.

Málfræði

Markmið:

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ læri stafrófið
- ✓ átti sig á mun sérhljóða (rauðir stafir) og samhljóða (grænir stafir).
- ✓ þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð, og setning
- ✓ átti sig á að málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti
- ✓ kynnist hugtökunum samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn
- ✓ geri sér grein fyrir að orð eru til í mismunandi beygingarmyndum
- ✓ kynnist hugtökunum samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn

Leiðir:

Kennsla í málfræði er samofin kennslu í öðrum þáttum móðurmálsins á yngsta stigi. Einnig er unnið einslega, í litlum hópum og með bekknum í heild. Nemendur eru örvaðir til lestrar með ýmsum verkefnum við hæfi t.d. með því að hlusta á fjölbreytilegar sögur og með ýmsum stafa- og orðaleikjum. Þeir vinna með eigin frásagnir og sögur, lesa bækur við hæfi, bæði að eigin vali og sem kennari velur. Nemendur lesa upphátt fyrir bekkinn, eigin sögur og úr lestrarbókum. Nemendur semja texta við eigin myndir og skrifa sjálfir eða með aðstoð. Nemendur skrifa eftir forskrift kennara og í forskriftarbók. Vinna með orðréttan texta í stílabækur. Nemendur nota ákveðið grunnefni og ítarefni eftir þörfum.

Námsmat: Námsmat byggist á stöðugu eftirliti með vinnu nemenda, og stöðluðum lestrarprófum í hverjum mánuði.

Námsefni:

- *Það er leikur að læra*, lesbók og vinnubók 2
- *Við lesum*, lesbók og vinnubók B
- *Listin að lesa og skrifa* vinnubók 3 og 4
- Setningamyndun
- Lestrarspil og orðasafn sem fylgja *Listin að lesa og skrifa* efninu
- *Leikur að orðum* 2. hefti
- *Skrift 1 og 2*, forskriftarbækur (æfingabók 1)
- *Ljóðsprotar*, valið efni
- *Markviss málörvun í leik og starfi*
- *Pínulitla Ritrún*
- *Ás*
- *Orðaskyggir*, íslensk orðabók handa börnum.
- Ljósrituð hefti sem til eru í skólanum. Aukavinnubækur við hæfi hvers og eins, t.d. *Við lesum*, *Leikur sá er mér kær* o.fl.

Kennsluforrit: Glói geimvera, Króni og Króna.

Stærðfræði

Markmið: Stuðst verður við markmið stærðfræðikennslu í Aðalnámskrá grunnskóla 2007. Samkvæmt námskránni er stærðfræðinámi skipt í 10 þætti: **1) stærðfræði og tungumál, 2) lausnir verkefna og þrauta, 3) röksamhengi og röksemdafærslur, 4) tengsl við daglegt líf og önnur svið, 5) tölur, 6) reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat, 7) hlutföll og prósentur, 8) mynstur og algebra, 9) rúmfræði og 10) tölfræði og líkindafræði.**

Stærðfræðin verður unnin að hluta til í hópastarfi þar sem 1. -4. bekk er blandað saman. Þetta er þróunarverkefni sem kennarar á yngri barna sviði vinna saman að

Markmiðin eru:

- ✓ að nemendur þjálfist í notkun stærðfræðinnar í daglegu lífi og að stærðfræðin auki og víkki skilning nemenda á umhverfi sínu
- ✓ að stærðfræðin verði samofin hinu daglega lífi og daglegum viðfangsefnum
- ✓ að nemendur verði hæfir til að lesa í umhverfi sitt, meta stærðfræðileg viðfangsefni í ljósi þekkingar og reynslu og geti unnið sjálfstætt
- ✓ að nemendur verði með góða grunnþekkingu á helstu sviðum stærðfræðinnar og hæfir til að takast á við frekara nám í stærðfræði
- ✓ stefnt skal að því að nemendur nái valdi á notkun ákveðinna stærðfræðihugtaka og á talnaskilningi
- ✓ að börnin dragi rétt til tölustafanna 0-9
- ✓ að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem getur nýst nemendum í daglegu lífi og námi
- ✓ að efla vitsmunapróska þeirra, skipulagningu og skapandi hugsun á þeim sviðum sem tengjast stærðfræðinni
- ✓ að stuðla að skilningi, kunnáttu og færni sem getur nýst nemendum í daglegu lífi og námi

Stærðfræði og tungumál

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ skrái upplýsingar þar sem háar tölur koma fyrir, t.d. verð í verðlistum
- ✓ búi til súlurit
- ✓ vinni saman í hópum og ræði viðfangsefnin
- ✓ lesi (með aðstoð) texta um stærðfræðileg viðfangsefni og greini um hvað hann fjallar
- ✓ semji sögur um stærðfræðileg verkefni
- ✓ læri ýmis hugtök og tákn sem tengjast stærðfræðinni

Lausnir verkefna og þrauta

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ þjálfist í að leysa þrautir
- ✓ glími í samvinnu við aðra við verkefni sem gera kröfur til frumkvæðis og hugkvæmni
- ✓ geti sett upp dæmi á sinn hátt og túlkað niðurstöður
- ✓ reyni margvísleg vinnubrögð og nálganir við lausn verkefna
- ✓ vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir

Röksamhengi og röksemdafærslur

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ fari í leiki og spil, sem reyna m.a. á talnavinnu, rúmfræði, rökhugsun og hugkvæmni
- ✓ temji sér að nota þekktar staðreyndir til að álykta út frá
- ✓ geti þekkt hlut, mynstur eða hugtak út frá lýsingu+
- ✓ læri undirstöðuatriði í skák

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ leysi verkefni sem tengjast daglegu lífi
- ✓ geti notað mynt og seðla, áætlað, talið og skráð peningaupphæðir
- ✓ geti notað einfaldar mælieiningar um hitastig, mál og vog, bæði óstaðlaðar mælieiningar og

- ✓ staðaleiningarnar m og cm, l og dl ásamt g og kg.
- ✓ kynnist grundvallaratriðum tímatafs s.s. vika, mánuður ár
- ✓ læri á klukku bæði talna- og skífuklukku

Tölur

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ sýni skilning á náttúrulegum tölum frá 1 upp í 100
- ✓ þekki sléttar tölur og oddatölur
- ✓ kynnist tölum hærri en hundrað
- ✓ vinni með talnalínu
- ✓ þjálfist í að nota vasareikni
- ✓ áætli fjölda hluta með aðstoð talnagrindar eða kubba og sannreyni ágiskun sína
- ✓ kynnist uppbyggingu tugakerfisins
- ✓ áætli fjölda hluta og sannreyni ágiskun sína
- ✓ raði tölum í flokka eftir tilteknum eiginleikum
- ✓ fái tilfinningu fyrir uppbyggingu tugakerfisins

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ læri stærðfræðitákna (+ - > = <)
- ✓ leysi verkefni úr daglegu lífi þar sem þarf að leggja saman, draga frá , margfalda eða deila
- ✓ læri einfaldar reikniaðgerðir
- ✓ þjálfist í að nota mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna
- ✓ þjálfist í að nota þekkingu sína á tölum við hugarreikning

Hlutföll og prósentur

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ kynnist hlutföllum milli stærða og geti notað þau við lausnir einfaldra hagnýtra verkefna s.s. helmingur, tvöfalt og að skipta á milli.

Mynstur og algebra

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ leyti að mynstrum í umhverfi sínu
- ✓ vinni með talnamynstur
- ✓ hafa unnið með mynstur í því skyni að segja fyrir um framhaldið og finna almenna reglu
- ✓ geti leyst einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu
- ✓ skoði og myndi talnamynstur og æfi talnarunur

Rúmfræði

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ þekki mismundi form eiginleika þeirra og notagildi
- ✓ beri saman flatarmyndir s.s. þríhyrninga, ferhyrninga, hringi
- ✓ kynnist speglun
- ✓ læri að nota mælitæki s.s. reglustiku, málband og vog

Tölfræði og líkindafræði

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ kynnist gerð súlurita og kunni að lesa úr þeim
- ✓ noti áþreifanlega hluti til að búa til súlurit
- ✓ geti borið saman og skýrt líkurnar á því að eitthvað gerist með því að nota líkindahugtök
- ✓ geri tilraunir til að svara spurningum sínum um líkur

- ✓ geri töflur og einföld súlurit
- ✓ taki þátt í umræðum og fáist við útreikninga út frá þeim upplýsingum sem er að finna í súluritunum
- ✓ ræði um líkur á að atburðir gerist

Leiðir:

Lögð er áhersla á fjölbreytileg vinnubrögð sem gera nemendum kleift að leysa stærðfræðileg viðfangsefni á eigin forsendum. Mikilvægt er að byggja ofan á fyrri reynslu og þekkingu nemenda. Í kennslunni er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti svo sem einstaklingsvinnu, hópavinnu samvinnu, þemavinnu, vettvangsferðir, tilraunir, umræður og samstarf við heimilin. Reynt er að tengja stærðfræðina daglegu lífi barnanna. Unnið er með tölurnar frá 0 – 1000. Lögð verða fyrir verkefni úr daglegu lífi þar sem þarf að leggja saman, draga frá, margfalda eða skipta á milli til að finna lausn.

Heimanám

Nemendur vinna stærðfræðiverkefni reglulega heima.

Námsefni:

- *Sproti 2a og 2b*
- *Í undirdjúpunum, samlagning, frádráttur*
- *Viltu reyna, gúlur, rauður*
- *Tíu – tuttugu*
- *Verkefni fyrir vasareikna 1*
- Fjölrítað stærðfræðiefni Harry Potter o.fl.
- Ýmis kennsluforrit svo sem *Klukkan, Reiknibíllinn, Reikna + og -, Plúsdæmi fyrir 1. – 4.bekk, Mínuðæmi fyrir 1. - 4. bekk, Skiptu jafnt - deiling á einfaldan hátt, Kubbar - telja þá sem sjást o.fl.*

Kennsluforrit: *Snót og snáði, Reiknibíllinn, Töfraflísar, Slönguspil, Þrír í röð, Króni og Króna, Leikver.*

Námsmat: Fylgst er með vinnu hvers nemanda fyrir sig og árangur kannaður með símati eftir að ný atriði hafa verið kennd. Formleg próf eru lögð fyrir í lok hvernar annar.

Náttúrufræði og umhverfismennt

Markmið: Fræðasvið náttúruvísinda er víðfemt og það spannar undur náttúrunnar í ótal myndum. Náttúrufræðikennslu í grunnskóla er ætlað að auka skilning nemenda á umhverfi sínu og stuðla að því að þeir umgangist það af ábyrgð og virðingu í anda sjálfbærrar þróunar. Hafa ber í huga að Íslendingar eru hluti af samfélagi þjóða og að slæm umgengni við náttúruna varðar alla jarðarbúa. Rækta ber hæfileika nemenda til að njóta margbreytileika náttúrunnar og skilning á brýnni þörf á umhverfisvernd.

Markmiðin eru:

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ efli áhuga sinn og löngun til að læra meira í náttúrufræði
- ✓ læri að njóta náttúrunnar, þekki mannigert og náttúrlegt umhverfi og þroski með sér virðingu og ábyrgðartilfinningu gagnvart henni, að þeir læri að njóta hennar og öðlist

breiðan þekkingargrunn og tileinki sér þá grunnþekkingu sem unnið er með innan helstu sviða náttúruvísinda og hafi náð valdi á mikilvægum hugtökum innan hennar

- ✓ að þeir þjálfis í að beita vísindalegri hugsun og nákvæmum aðferðum við greiningu viðfangsefna, öflun upplýsinga, mat, úrvinnslu, túlkun og framsetningu
- ✓ að þeir þjálfist í að taka þátt í gagnrýninni umfjöllun og öðlist sjálfstraust til þess að nýta þekkingu sína og hæfni
- ✓ þjálfist í vettvangsvinnu
- ✓ geri einfaldar tilraunir

Eðlisvísindi

- ✓ þekki og vinni með hugtökin frost, hiti, kuldi. Einnig munum við skoða hvernig gufa þéttist og tala um áhrif hita á ýmis efni
- ✓ ljós og skuggar
- ✓ skoði steina og flokki eftir ólíkum eðliseiginleikum
- ✓ kanni hvort mismunandi hlutir festast við segul

Jarðvísindi

- ✓ kynnist áhrifum sólarljóssins á umhverfi og lífverur
- ✓ þekki breytingar í náttúrunni s.s. árstíðir
- ✓ skoði veðurfar, veðurkort og veðurspá

Lífvísindi

- ✓ þekki eigin líkama
- ✓ fræðist um hollustu matar og tannvernd
- ✓ læri um hreinlæti og holla lífshætti
- ✓ þekki algengustu húsdýrin

Leiðir:

Námi í náttúrufræði er ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu og efla skynjun á umhverfinu. Reglulega fer bekkurinn í vettvangsferðir og lögð verður áhersla á að nýta umhverfi nemenda til kennslu, þannig að nemendur læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og skynji samspil manns og náttúru.

Fjallað verður um líkamann og útbúa nemendur bók sem nefnist *Allt um mig*. Stuðst verður að hluta til við kennslubækurnar *Um mig og þig* og *Komdu og skoðaðu líkamann*. Einnig eiga nemendur að þekkja heiti sjáanlegra líkamshluta og gera sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis og hollustu matar, meðal annars með tilliti til tannverndar, tilfinninga og reynt verður að efla sjálfsvitund þeirra. Náttúrufræðin er unnin að hluta sem þemavinna og fléttast inn í aðrar námsgreinar. Þá læra nemendur eitt og annað um veðurfar. Nemendur eiga að þekkja algengustu húsdýr á Íslandi og læra um ýmis sérkenni dýra. Í kennslunni er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti: einstaklingsvinnu, samvinnu, þemavinnu, vettvangsferðir, tilraunir og samstarf við heimilin.

Námsefni:

- *Um mig og þig*
- *Komdu og skoðaðu líkamann*
- *Komdu og skoðaðu land og þjóð*
- *Í sveitinni með Æsu og Gauta*
- *Íslensku húsdýrin*

- Ýmsar sögur og verkefni frá kennurum

Námsmat

Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum. Mat á hópastarfi, markmiðum náð.

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Markmið:

Kunna skil á Biblíunni sem trúarbók kristinna manna og þekkja nokkrar frásagnir og kenningar Jesú Krists. Þekkja kirkjuhúsið, helstu tákn, kirkjulegar athafnir og starf kirkjunnar í heimabyggð. Kynnast listrænni tjáningu trúar og fá tækifæri til listrænnar tjáningar eigin hugmynda. Kristinfræði verður kennd í þemum með áherslu á hátíðir eins og jól og páska.

Markmiðin eru:

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ fáist við siðræn viðfangsefni sem tengjast vináttu og merkingu orðanna rétt og rangt, mitt og þitt og fyrirgefning
- ✓ geri sér ljóst að engir tveir eru eins, t.d. með frásögn af börnum með ólíkan bakgrunn
- ✓ kynnist kristinni sköpunartrú og skoði sjálfan sig, umhverfi sitt og samskipti við aðra í ljósi hennar
- ✓ kynnist frásögunum af fæðingu Jesú, læri einfalda jólasálma og kynnist íslenskum jólasíðum
- ✓ kynnist sögunum af bernsku Jesú og heyri um daglegt líf og aðstæður á hans dögum
- ✓ kynnist afstöðu Jesú til barna, m.a. með frásögunni Jesús blessar börnin
- ✓ fái tækifæri til leikrænnar tjáningar á atburðum úr biblíusögunum
- ✓ heimsæki kirkju og skoði helstu kirkjumuni
- ✓ þekki tilefni páskanna
- ✓ geri sér ljóst hvað bæn er og læri að þekkja Faðir vor og aðrar valdar bænir

Leiðir:

- ✓ Efla jákvætt viðhorf til skólans sem vinnustaðar og þeirra reglna sem þar gilda.
- ✓ Kynntar frásagnir af Jesú, kenndar bænir og söngvar.
- ✓ Fjallað um vináttu, kærleik og ýmislegt sem kalla má siðfræði.
- ✓ Vettvangsferð í kirkju
- ✓ Listsköpun s.s. leiktúlkun, myndlist og söng.

Námsefni:

- *Regnboginn*
- Bænakver
- Ýmis verkefni frá kennara

Námsmat

Foreldrar fá upplýsingar um framvindu náms í foreldraviðtölum

Samfélagsfræði

Markmið: Markmið samfélagsfræðinnar er að saman fléttist þekking, færni og tilfinning barnsins svo að það öðlist sífellt aukna vitund um samfélagið, umhverfið og söguna.

Samfélagsvitund felst í því að barnið lætur sér annst um samferðafólk sitt, gerir sér grein fyrir samskiptareglum og getur hugleitt og rætt grundvöll þeirra. Umhverfisvitund felst í að þekkja umhverfi sitt, bera umhyggju fyrir því og hæfileika til að greina samhengi mannlegra athafna og náttúru. Söguvitund merkir tilfinning fyrir liðnum tíma, nútíð og framtíð og vitund um að fyrirbæri mannlífsins eru breytingum undirorpin.

Markmiðin eru

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ skilji mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hóp
- ✓ skilji mikilvægi reglna í skólanum alveg eins og í umferðinni og í samskiptum fólks
- ✓ þjálfist í að taka þátt í að setja reglur sem gilda í skólastofunni og samskiptum nemenda
- ✓ þjálfist í að hlýða reglum í leik og starfi í skólanum
- ✓ kynnist skólabyggingunni, skólalóðinni og nánasta umhverfi skólans undir leiðsögn kennara
- ✓ þekki nokkur örnefni, kennileiti og sögustaði í nágrenni skólans
- ✓ læri hver þjóðhátíðardagur Íslendinga er, að við eigum þjóðsöng og höfum forseta, Alþingi og ríkisstjórn, viti hvað forsetinn heitir og hvar hann býr og að aðrar þjóðir eiga líka þjóðhátíðardag, þjóðsöng og þjóðhöfðingja
- ✓ kynnist þjóðsögum
- ✓ greini samspil manns og náttúru með tilliti til búsetu, atvinnu fólks og myndunar þéttbýlis
- ✓ viti hvaða breytingar árstíðaskipti hafa í för með sér fyrir daglegt líf hans, s.s. á klæðnað og leiki
- ✓ kunni að lýsa veðureinkennum árstíða og hvers má vænta á hverjum tíma, t.d. að kalt er á veturna en heitara á sumrin, tré fella lauf á haustin en brum vex á ný á vorin
- ✓ átti sig á að vegna snúnings jarðar skiptast á dagur og nótt
- ✓ þekki staði í nágrenni heimilis síns, s.s. heiti gatna, verslana, áa og fjalla
- ✓ átti sig á að byggingar eru notaðar á ólíkan hátt, s.s. sem heimili, verslanir, verksmiðjur og kirkjur
- ✓ geti farið eftir munnlegum leiðbeiningum (vegvísun) t.d. við að rata um skólann og skólalóðina og notað við það hugtök eins og hægri, vinstri, upp, niður, fram og aftur
- ✓ skoði hnattlíkan og þekki hvað er sjór og megineinkenni landslags
- ✓ kynnist því að til eru margar þjóðir og mörg tungumál í heiminum
- ✓ þekki árstíðirnar, heiti vikudaga og mánaða og mun á degi, viku, mánuði, ári, áratug og öld
- ✓ læri að nota dagatal
- ✓ átti sig á muninum á sannsögu og skáldsögu, t.d. með því að bera eigin reynslu saman við skáldsögu eða ævintýri
- ✓ kanni aðstæður og fyrirbæri og skrái athuganir sínar í máli eða mynd í sögubók
- ✓ fái þjálfun í að flytja mál sitt skýrt og skipulega og hlusta á aðra
- ✓ túlki atburði t.d. í leik, myndsköpun, tali, texta, söng eða leikrænni tjáningu fyrir bekkjarfélag og foreldra

Leiðir

Að hausti er góður tími tekinn í að kynna nemendum skólann og umhverfi hans. Námi í samfélagsfræði er ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu og efla samfélagsvitund þeirra. Þegar tækifæri gefast fer allur árgangurinn saman í vettvangsferðir og lögð er áhersla á að nýta umhverfi nemenda til kennslu. Samfélagsfræðin er unnin að hluta sem þemavinna og fléttast inn í aðrar námsgreinar. Í kennslunni er lögð áhersla á fjölbreytta

kennsluhætti: einstaklingsvinnu, samvinnu, þemavinnu, vettvangsferðir, t.d. berjaferð, haustlitaferð og fjöruferð. Þar að auki tilraunir og samstarf við heimilin.

Grunnefni:

- *Skólabókin mín*
- *Komdu og skoðaðu hringrásirnar*
- *Komdu og skoðaðu himinngeiminn*
- *Úti um mela og móa*
- *Ísland áður fyrr-fjölskyldan*
- *Verum vinir*
- *Skólinn og fjölskyldan*
- *Komdu og skoðaðu líkamann*
- *Um mig og þig*
- *Svona erum við.*
- Skynfærin – vinnublöð.

Námsmat: Metin er þátttaka og virkni nemenda í hverju verkefni og hvernig þeir vinna með öðrum í hóp.

Lífsleikni

Megininntak

„Meginmarkmiðið er að nemandinn geti gert grein og lýst tilfinningum, t.d. hamingja, gleði, sorg og reiði. Geri sér grein fyrir því að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem geta haft áhrif á líf hans. Að nemandi geti sett hugtakið jafnrétti í margbreytilegt samhengi, tjáð hugsanir, skoðanir, tilfinningar og væntingar. Hafi lært leiðir til að auka og efla samskiptafærni sína s.s. færni í samvinnu, tillitsemi, beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, geti sett sig í spor annarra og hlusti á aðra og sýni kurteisi. Að nemandi sýni frumkvæði og sköpun í vinnubrögðum, geti sett sér raunhæf markmið að eigin frumkvæði. Einnig að þeir þekki líkamlega þörf sína fyrir næringu, hvíld, hreyfingu, hreinlæti og leitast við að koma til móts við hana. Ennfremur geri sér grein fyrir sérstöðu annarra.”

Kennsluhættir

Í 1. bekk verður lífsleiknin aðallega kennd í formi þemavinnu og með samþættingu við aðrar námsgreinar s.s samfélagsgreinum, náttúrfræði og kristinfræði.

Áhersla verður lögð á samvinnunám, umræðuform bæði með hópnum í heild og í minni hópum, hlutverkaleiki, leikræna tjáningu, hlutbundna vinnu og sjálfstæð skapandi

vinnubrögð. Í hópavinnu reynir á samskiptahæfni barnanna þar sem þau læra að gefa og þiggja í samskiptum. Einnig þjálfa þau samskiptahæfni sína í leik og starfi með bekkjarfélögum og öðrum skólafélögum.

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ læri að bera virðingu fyrir hver öðrum
- ✓ læri að engir tveir eru eins og allir einstakir
- ✓ reyni að setja sig í spor annarra
- ✓ efli með sér samkennd
- ✓ þjálfist í að koma fram
- ✓ efli eftirtekt og einbeitingu
- ✓ læri að tjá sig og hlusta á aðra

Námsefni

- *Spor 1 og 2*
- *Gaman saman*
- *Verum vinir*
- *Aðgátt í umferðinni*
- *Um mig og þig*
- *Ýmis verkefni frá kennara*
- *Ýma tröllastelpa – ég vil fá að vera ég sjálf*
- *Skessan sem átti enga vini*
- *Litla lirfan ljóta (myndband)*

Námsmat

Í 2. bekk eru um símat að ræða, kennari fylgist með umræðum og hópavinnu og skráir hvernig samskipti fara fram. Nemendur fá tækifæri til að meta bekkjaranda og samskipti í bekknum. Þeir fá einnig tækifæri til að tjá sig um líðan sína í skólanum.

Tjáning

Markmiðin eru:

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ þjálfist í að vinna saman.
- ✓ verði færari um að flytja mál sitt fyrir aðra
- ✓ þjálfist í umræðum, upplestri og leikrænni túlkun
- ✓ venjist því að standa upp og tjá sig í hópi fólks

Leiðir: Nemendur fá ýmsar æfingar í því að lesa upp, flytja, setja sig í spor annarra, fjalla um margvísleg málefni, spinna leikverk, túlka texta, tjá sig orðalaust, fara í ýmsa leiki til að þjálfa samvinnu og margt fleira.

Námsmat: Símat, gefið fyrir þátttöku í kennslustundum, ástundun, vinnusemi.

Námsefni: Úr ýmsum áttum.

Heimanám: Ekkert nema þegar er verið að undirbúa sýningar eða önnur atriði til flutnings.

Heimilisfræði

Yfirmarkmið: Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, hagsýni og verndun umhverfis. Stefnt er að því að auðvelda nemendum að takast á við daglegt líf og gera þá meðvitaða neytendur.

Námsmarkmið: Stefnt er að því að nemendur:

- ✓ viti að góð næring er undirstaða góðrar heilsu
- ✓ geti sýnt hreinlæti í verki við undirbúning og frágang í eldhúsi, við meðferð matvæla og við máltíðir
- ✓ geti farið eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum
- ✓ kunni að nota einföld mælitæki, s.s dl-mál, mæliskeiðar o.fl.
- ✓ hafi fengið þjálfun í að leggja fallega á borð og nota borðsiði
- ✓ geri sér grein fyrir helstu slysaðættum í eldhúsi
- ✓ læri um mikilvægi tannverndar

Leiðir: Nemendur fá þjálfun í undirstöðubáttum heimilisfræðinnar, sem aðallega felst í verklegum æfingum.

Námsmat: Í heimilisfræði fer fram símat og er frammistaða nemanda metin hverju sinni.

Námsefni: Ljósrit frá kennara og efni úr ýmsum áttum.

Íþróttir og sund

Yfirmarkmið:

Á þessum aldri hafa börn yfirleitt mikla hreyfipörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Leikir og markvissar hreyfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhyfingar, eru þættir sem eiga að skipa stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin.

Markmið:

Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur þjálfist í: æfingum með stór og smá áhöld þar sem mismunandi hreyfingar er tengdar saman, grófhreyfingum og að tengja ýmsar gróf- og fínhyfingar saman. Þeir þjálfast í leikrænum æfingum og leikæfingum helstu greina. Nemendur taka þátt í ýmsum leikjum sem veita útrás fyrir hreyfipörf og efla samspil skynjunar. Farið verður í leiki og gerðar æfingar sem efla líkamsþol, hraða, kraft og viðbragð.

Leiðir:

Til að ná þessum markmiðum þá verða gerðar ýmsar æfingar og farið í leiki, s.s. eltingaleiki, boltaleiki, einfalda ratleiki, boðhlaup, boltaleiki. Farið verður í gegnum boltagreinarnar, fimleika, frjálssar o.fl.

Námsmat:

Í formi einkunnar í lok vetrar, þ.e. fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum. Í lok sundnámskeiðs er ætlast til þess að nemendur í 2. bekk geti: a) marglyttuflot með því að rétta

úr sér, b) 10 metra bringusund með eða án hjálpartækja, c) 10 metra skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja, d) spyrna frá bakka og renna sér með andlit í kafi, að lágmarki 2,5 metra, e) hoppa af bakka í laug.

Upplýsingatækni

Yfirmarkmið: Í upplýsingatækni er ætlast til að nemendur stefni að eftirfarandi markmiðum:

Tæknilæsi: Að nemendur kunni að nýta tæknibúnað til að afla þekkingar og miðla henni.

Upplýsingalæsi: Að nemendur afli sér þekkingar og færni til að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýnninn og skapandi hátt.

Menningarlæsi: Að nemendur tileinki sér hæfni til að njóta menningar og vilja til að vinna úr ýmsum þáttum hennar á skapandi og siðrænan hátt.

Markmiðin eru:

Stefnt er að nemendur:

- ✓ komi reglulega í tölvustofu og noti þar tölvur og önnur jaðartæki sem við þær eru tengd.
- ✓ temji sér ákveðnar umgengnisreglur í tölvustofum og tölvuverum
- ✓ geti kveikt á tölvum og jaðartækjum og náð í forrit sem notuð eru
- ✓ að nemendur geti beitt tölvumús við tölvuvinnslu.
- ✓ geti gengið rétt frá forritum og öðrum jaðartækjum
- ✓ geti notað teikniforrit.
- ✓ hafi lært að prenta skjal.
- ✓ hafi lært staðsetningu stafa og talna á lyklaborði samhliða færni í lestri og stærðfræði
- ✓ komi reglulega á skólabókasafnið og læri þar meðferð bóka og annarra gagna
- ✓ geti fundið bækur og önnur gögn sem ætluð eru yngstu notendum safnsins.
- ✓ fái lánuð gögn og hafi kynnst útlánskerfi safnsins
- ✓ hafi skoðað fræðibækur, myndefni og hljóðritað efni og efni af margmiðlunardiskum og neti
- ✓ geti hlýtt á upplestur um tiltekið efni og tekið þátt í umræðum um það.

Námsmat: Símat.

Tónmennt (samkenntsla með 1. bekk)

Yfirmarkmið:

Tónmennt er sérstakur þáttur í mannlegri greind sem hægt er að þroska með markvissri kenntslu og þjálfun. Skólinn er samfélag og tónlistin á að hafa þar sama hlutverk og í þjóðfélaginu í heild sinni. Í tónmennt er það eitt af viðfangsefnunum að vekja áhuga, vekja með nemandanum jákvæða afstöðu til tónlistar og tónlistariðkunnar og þroska jafnframt hæfni hans til að njóta tónlistar og gera sér grein fyrir gildi hennar fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Markmið:

Stefnt er að nemendur

- ✓ auki áhuga sinn á tónlist
- ✓ læri að njóta tónlistar og taki þátt í skapandi starfi þar sem fléttað er saman söng og leiklist
- ✓ fræðist um ýmis tilbrigði tónlistar og kynnist uppbyggingu hennar
- ✓ læri grunnhugtök í tónlist s.s. hrynn, takt, púls
- ✓ syngi í hóp fjölbreytt sönglög og þulur
- ✓ flytji einfalda tóna og hrynnmunstur
- ✓ leiki einfalda tóna- og hrynnmunstur
- ✓ þjálfði taktskyn með púls, einföldu hrynnmunstri og áherslu gegnum hreyfingu.

Heimanám :

Ekki er ætlast til þess að nemendur sinni að jafnaði heimanámi í tónmennt, það getur þó verið nauðsynlegt við undirbúning t.d. á ýmsum verkefnum að hlýða nemendum yfir efni heima.

Leiðir:

Nemendur fá þjálfun í söng og kennd eru einföld lög, þulur, hrynnur og helstu nótur kynntar. Farið er yfir helstu hljóðfæri o.fl. sem tengist tónlist. Leitast er við að nálgast tónlist í gegnum leiki og verkefni.

Mat:

Í tónmennt fer fram símat og er frammistaða, framkoma og ástundun metin hverju sinni.

Námsefni:

- Ljósritað efni frá kennara úr bókinni *Leikum og syngjum* verkefnasafninu
- *Það var lagið*
- *Tónmennt 1 og 2*
- annað efni sem til fellur hverju sinni s.s. í formi myndbanda, geisladiska o.fl.

Listir

Þrjár námsgreinar, hannyrðir, myndmennt og hönnun og smíði eru samþætt í eitt fag. Leitast verður við að samþætta verkefni á milli greina þannig að tími og efni nýtist betur og að verkefni gangi út á fleiri verkþætti og nemendur komist yfir fjölbreyttari verkefni heldur en

þegar greinarnar eru aðskildar. Þrátt fyrir það eru sömu markmið í fögunum sambættum og þau voru í sitt hvoru lagi. Verkefni í listum verða oft unnin í þeim yfir ákveðinn tíma, þannig að nemendur vinna t.d. eingöngu í smíðum í mánuð og fara í textilverkefni þann næsta. Leitast er við að nemendur læri hagnýt og öguð vinnubrögð, jafnframt því að skapandi þátturinn sé sem stærstur í allri vinnu. Í samræmi við stefnu skólans í umhverfismálum verður rík áhersla á hverskonar endurnýtingu og endurvinnslu efna auk þess að notast við umhverfisvæn efni eftir því sem við verður komið. Námsmat fer að hluta fram sem símat og sjálfsmat.

Hannyrðir.

Yfirmarkmið: Handverk var áður órjúfanlegur hluti lífsbaráttunnar en er nú vaxandi atvinnuvegur og hluti þeirra ímyndar sem einkennir íslenska menningu. Íslenskur útsaumur, þrjón og vefnaður er meðal gersema íslenskrar listasögu, arfleifð sem þjóðin þarf að þekkja og meta sem veganesti til framtíðar. Lögð er áhersla á að þroska og þjálf hugi og hendur barna, vekja þau til vitundar um getu sína og hæfni, sem verður þeim síðan eðlileg hvatning til frumkvæðis og sjálfstæðrar sköpunar í öllu námi.

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur

- ✓ þjálfist í að þræða grófa nál.
- ✓ læri að ganga frá endum.
- ✓ öðlist færni í að klippa með skærum.
- ✓ þjálfist í að vinna með eigin teikningu.
- ✓ þjálfist á að vinna skissur í tengslum við textilverkefni.
- ✓ kanni og finni út möguleika ýmiskonar þráðlistar.
- ✓ læri að þekkja helstu efni sem notuð eru í textíl, s.s. bómull, ull og hör.
- ✓ læri um mun á náttúrulegum efnum og gerfiefnum.

Leiðir: Lögð áhersla á að kynna nemendum helstu áhöld sem notuð eru við handavinnukennslu og að þau tileinki sér vönduð vinnubrögð og góðan frágang.

Námsmat: Námsmat er byggt á áhuga, vinnubrögðum, framförum og sköpunargleði.

Myndmennt

Yfirmarkmið: Stuðlað skal að því að nemendur verði læsir á umhverfi sitt og myndmál í daglegu lífi. Þeim verði gert kleift að fást við mismunandi efni og tækni með viðeigandi vinnubrögðum. Efla skal frumleika og fegurðarskyn svo nemendur nái að þróa eigið gildismat. Nemendur fái fjölbætt yfirlit yfir listmenningu að fornu og nýju, innlenda og erlenda svo að þeir öðlist þekkingu og skilning á listarfi þjóðarinnar í alþjóðlegu samhengi. Nemendum skulu kynnt lögmál og aðferðir myndlistarinnar til þess að þeir geti á agaðan hátt með stigvaxandi sjálfstæði unnið að gerð eigin myndverka.

Markmið: Að setja fram á sjónrænan hátt í myndverkum eigin upplifun eða ímyndun með ýmis konar tækni og aðferðum svo sem teiknun, málun, mótun, klippimyndum og þrykki.

Leiðir: Unnið skal út frá forsemdum nemandans, þroska hans, áhuga og þörfum þannig að hann læri að nýta sér myndlistanámið til að skilgreina og uppfylla eigin þarfir.

Nemendur vinna með margs konar efni og liti við myndgerðina.

Námsmat: Matið er byggt á áhuga, vinnubrögðum, framförum og sköpunargleði.

Hönnun og smíði

Yfirmarkmið: Nauðsynlegt er að kenna börnum hönnun og smíði í grunnskóla í samræmi við kröfur og áherslur í verkmenntun og skapandi starfi. Smíðin þroskar verkfærni og verkunnáttu og gerir nemandann sjálfstæðan í verki. Þannig er smíðin góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

Í hönnun og smíði fær nemandinn þjálfun í að móta eigin hugmyndir í efnivið með þeirri verktækni og verkþekkingu sem greinin býr yfir. Nemandinn þjálfist í að nýta sér aðferðir við greiningu og úrvinnslu hugmynda. Nemandi efli frumkvæði sitt, áræðni og framtak í verklegri framkvæmd, þroski með sér innra mat á notagildi hlutanna og fegurð þeirra.

Markmið:

Stefnt er að því að

- ✓ nemandinn öðlist þekkingu og færni í notkun, meðferð og möguleikum ólíkra tækja, verkfæra og efna sem henta aldri og þrosa nemenda.
- ✓ nemendur tileinki sér ábyrga umgengni og öryggisreglur við verklega vinnu og temji sér einnig rétta líkamsbeitingu og hollustu við vinnu.
- ✓ nemendur temji sér vönduð vinnubrögð og að ganga frá hlutum, efnum og áhöldum sem unnið hefur verið með.
- ✓ að nemandi læri að beita einföldum verkfærum á réttan hátt með tilliti til líkamsbeitingar og öryggisþátta. Að nemandi tileinki sér vönduð vinnubrögð og góðan frágang.
- ✓ nemandi hanni og ákveði sjálfur gerð og útlit þeirra hluta sem hann vinnur að.

Leiðir: Nemendur hanna og smíða hluti úr ýmis konar efnum.

Námsmat: Matið er byggt á hugmyndaauðgi og hönnun, umgengni og hegðun, verkfærni og vandvirkni, iðni og afköstum.